

3. gr.

79

Kostnaður við störf sildarútvegsnefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 74 29. des. 1934, þar með talin laun nefndarmanna, skal greiddur úr sjóði þeim, sem heimilt er að stofna samkvæmt 2. gr. þeirra laga.

16. apríl

4. gr.

Kostnaður við störf kjötverðlagsnefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 2 9. jan. 1935, þar með talin laun nefndarmanna, greiðist úr verðjöfnunarsjóði þeim, sem myndaður er samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll þau ákvæði í lögum nr. 76 29. des. 1934, nr. 75 29. des. 1934, nr. 1 7. janúar 1935, nr. 74 29. des. 1934, og l. nr. 2 9. janúar 1935, sem fara í bága við ákvæði þessara laga.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 16. apríl 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

80

um breyting á 22. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 [Tekjuskattur og eignarskattur].

16. apríl

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 22. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 bætist:

Undirskattanefndarmenn þeir, er nú eru, halda starfi sínu þar til tími þeirra er útrunninn,

80

16. apríl

2. gr.

Á eftir 1. málsgr. 36. gr. laganna komi: Á skattskrá þeirri, sem lögð er fram í Reykjavík, er þó nægilegt að tilgreina tekjuskatt, eignarskatt og skattupphæðir samtals.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 16. apríl 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

81

26. apríl

TILSKIPUN

um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt 31. gr. siglingalaga frá 30. nóvember 1914 viljum Vér skipa svo fyrir um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum:

1. gr.

Bátur eða skip, hverju nafni sem nefnist og skoðunarskylt er að lögum, skal jafnan hafa lyfjaskrín meðferðis, þannig búið að lyfjum, umbúðum og áhöldum og að öðru leyti svo úr garði gert, sem fyrir er mælt í tilskipun þessari.

2. gr.

Lyfjaskrín skulu vera fernskonar, og í hverju skríninni lyf, umbúðir og áhöld, sem hér greinir:

Lyfjaskrín I.

A. Lyf til útvortis notkunar.

1. Joðáburður (Solutio jodi spirituosaa, Ph. D.), grm. 20: 1 glas.
2. Gult vaselín (Vaselinum euflavini, D. D.), grm. 30: 1 tinbelgur,